

Nd.

227. Frumvarp til laga

[157. mál]

um húsaleigu, sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Mánaðarleiga fyrir íbúðarhúsnæði samkvæmt nýjum eða endurnýjuðum samningi gerðum á 12 mánaða tímabilinu apríl 1982 til mars 1983 má frá 1. maí 1983 ekki hækka meira en hér segir frá þeirri mánaðarleigu, er gildi í mars 1983:

Samningurinn gerður eða endurnýjaður á tímabilinu:	Hámark hækkunar 1. maí 1983 frá mars- húsaleigu 1983
Apríl—júní 1982	45%
Júlí—september 1982	32%
Október—desember 1982	21%
Janúar—mars 1983	10%

Húsaleiga, sem greidd er leigusala fyrir maímánuð 1983 samkvæmt ákvæðum 1. málsg. , skal haldast óbreytt í júní 1983, enda sé viðkomandi húsaleigusamningur þá enn í gildi.

Húsaleiga, er samkvæmt samningi gerðum fyrir 1. apríl 1982 fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði, hækkar frá 1. apríl 1983 um 51,04% samkvæmt henni.

Ákvæði þessarar gr. taka einvörðungu til húsaleigu samkvæmt samningum, þar sem ákveðið er, að hún skuli fylgja breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

2. gr.

Frá 3. ársfjórðungi 1983 skal húsaleiga samkvæmt samningum þeim, er um ræðir í 1. til 3. málsg. 1. gr., fylgja hlutfallslegum breytingum meðallauna á næstliðnum þremur mánuðum, og breytast ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl. Hagstofa Íslands tilkynnir opinberlega, hver þessi breyting sé hverju sinni.

Frjálst er að ákveða í leigusamningum um íbúðarhúsnæði, gerðum eftir marslok 1983, að leiga skuli fylgja breytingum meðallauna, sbr. fyrri málsg. þessarar gr.

3. gr.

Húsaleiga fyrir atvinnuhúsnæði, er nú fylgir breytingum sérstakrar vísitölu fyrir það, hækkar frá 1. apríl 1983 um 53,03% samkvæmt henni. Frá 3. ársfjórðungi 1983 og framvegis skal leiga fyrir atvinnuhúsnæði breytast eftir sömu reglum og ákveðnar eru í fyrri málsg. 2. gr., ef í gildandi samningi er kveðið svo á, að hún skuli fylgja vísitölu fyrir atvinnuhúsnæði.

4. gr.

Nú hefur húsaleigusamningur þeirrar tegundar, er um ræðir í 1. og 3. gr., verið gerður í apríl 1983 fram að gildistöku þessara laga, og skal þá leiga samkvæmt honum eftir 30. júní 1983 breytast í samræmi við ákvæði fyrri málsg. 2. gr., meðan hann er í gildi.

5. gr.

Frá og með júní 1983 kemur ársfjórðungsleg tilkynning Hagstofunnar um verðbóta-hækkun húsaleigu samkvæmt 2. gr. í stað vísitölu húsnæðiskostnaðar, er skal eigi reiknuð eftir mars 1983.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG um húsaleigu, sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög, sem komi í veg fyrir, að ójöfn dreifing hækkunar vísitölu húsnæðiskostnaðar á greiðslutímabil frá apríl 1982 til jafnlengdar 1983 leiði til óeðlilega mikillar hækkunar á húsaleigu frá 1. apríl 1983 að því er varðar leigusamninga, sem tengdir eru þessari vísitölu og gerðir voru á nefndu tímabili.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Mánaðarleiga fyrir íbúðarhúsnæði samkvæmt nýjum eða endurnýjuðum samningi gerðum á 12 mánaða tímabilinu apríl 1982 til mars 1983 má frá 1. maí 1983 ekki hækka meira en hér segir frá þeirri mánaðarleigu, er gildi í mars 1983:

Samningurinn gerður eða endurnýjaður á tímabilinu:	Hámark hækkunar 1. maí 1983 frá mars- húsaleigu 1983
Apríl—júní 1982	45%
Júlí—september 1982	32%
Október—desember 1982	21%
Janúar—mars 1983	10%

Húsaleiga, sem greidd er leigusala fyrir maímánuð 1983 samkvæmt ákvæðum 1. málsg. r., skal haldast óbreytt í júní 1983, enda sé viðkomandi húsaleigusamningur þá enn í gildi.

Húsaleiga, er samkvæmt samningi gerðum fyrir 1. apríl 1982 fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði, hækkar frá 1. apríl 1983 um 51,04% samkvæmt henni.

Ákvæði þessarar gr. taka einvörðungu til húsaleigu samkvæmt samningum, þar sem ákveðið er, að hún skuli fylgja breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

2. gr.

Frá 3. ársfjórðungi 1983 skal húsaleiga samkvæmt samningum þeim, er um ræðir í 1. til 3. málsg. r. 1. gr., fylgja hlutfallslegum breytingum meðallauna á næstliðnum þremur mánuðum, og breytast ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl. Hagstofa Íslands tilkynnir opinberlega, hver þessi breyting sé hverju sinni.

Frjálst er að ákveða í leigusamningum um íbúðarhúsnæði, gerðum eftir marslok 1983, að leiga skuli fylgja breytingum meðallauna, sbr. fyrri málsg. r. þessarar gr.

3. gr.

Húsaleiga fyrir atvinnuhúsnæði, er nú fylgir breytingum sérstakrar vísitölu fyrir það, hækkar frá 1. apríl 1983 um 53,03% samkvæmt henni. Frá 3. ársfjórðungi 1983 og framvegis skal leiga fyrir atvinnuhúsnæði breytast eftir sömu reglum og ákveðnar eru í fyrri málsg. r. 2. gr., ef í gildandi samningi er kveðið svo á, að hún skuli fylgja vísitölu fyrir atvinnuhúsnæði.

4. gr.

Nú hefur húsaleigusamningur þeirrar tegundar, er um ræðir í 1. og 3. gr., verið gerður í apríl 1983 fram að gildistöku þessara laga, og skal þá leiga samkvæmt honum eftir 30. júní 1983 breytast í samræmi við ákvæði fyrri málsgr. 2. gr., meðan hann er í gildi.

5. gr.

Frá og með júní 1983 kemur ársfjórðungsleg tilkynning Hagstofunnar um verðbóta-hækkun húsaleigu samkvæmt 2. gr. í stað vísitölu húsnæðiskostnaðar, er skal eigi reiknuð eftir mars 1983.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.